



# Leiðbeiningar um aðgang og rafræna atkvæðagreiðslu í Lumi AGM fundarlausninni Aðalfundur Landsbankans 23. mars 2022

## I. Aðgangur að aðalfundi

Óskað er eftir að hluthafar sem hyggjast sækja aðalfundinn skrái þátttöku sína **fyrir kl. 16:00 þann 18. mars 2022** á vefsíðunni <http://www.lumiconnect.com/meeting/landsbankinn>. Hluthafar þurfa við skráningu að slá inn nauðsynlegar upplýsingar í viðeigandi reiti og hlaða inn mynd af skilríkjum og umboði (ef við á). Mikilvægt er að skrá **farsímanúmer** með viðeigandi **landsnúmeri**. Hluthafar eru hvattir til að skrá sig tímanlega. Lokað verður fyrir skráningu einum sólarhring fyrir fundinn. Vinnsla persónuupplýsa er nauðsynleg á grundvelli laga í þeim tilgangi að staðfesta hvaða hluthafar sækja fundinn, hvaða atkvæðisrétt þeir hafa og niðurstöðu atkvæðagreiðslna. Nánari upplýsingar má nálgast í [persónuverndarstefnu Landsbankans](#).

Að lokinni skráningu verður sendur tölvupóstur á uppgefið netfang til staðfestingar. Á fundardegi verður sendur annar tölvupóstur á uppgefið netfang með hlekk á fundarstreymið og inniheldur hann **notendanafn** inn á fundinn. Jafnframt verða send smáskilaboð á uppgefið farsímanúmer með upplýsingum um **lykilorð** inn á fundinn.

Notendanafn og lykilorð til aðgangs og rafrænnar atkvæðagreiðslu vegna aðalfundar Landsbankans eru á ábyrgð móttakanda. Hluthafar eru hvattir til að varðveita þessar upplýsingar vel og tryggja að óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim. Landsbankinn mælir eindregið með því að hluthafar notist við örugga og góða nettengingu þegar þeir tengja sig inn á fundinn.

## II. Þátttaka og atkvæðagreiðsla á aðalfundi

Hægt verður að tengja sig inn á fundinn einni klukkustund áður en hann hefst með því að smella á hlekk sem fylgir í framangreindum tölvupósti á fundardegi. Slá þarf inn **notendanafn** sem finna má í tölvupóstinum og **lykilorð** sem sent verður í smáskilaboðum í farsíma.

Eingöngu er gert ráð fyrir að hluthafar greiði atkvæði rafrænt í gegnum Lumi AGM fundarlausnina. Atkvæðagreiðsla fer þannig fram að hluthafi getur kosið með, á móti, eða setið hjá.

Lista með öllum tillögum fundarins og kosningavalmöguleikum má finna með því að smella á eftirfarandi tákn í Lumi AGM fundarlausninni.

Ef hluthafar vilja leggja fram spurningar á aðalfundinum geta þeir smelt á eftirfarandi tákn í Lumi AGM fundarlausninni.

## III. Aðrar upplýsingar

Á vefsíðu Lumi má finna [leiðbeinandi myndband](#) og [leiðbeiningar](#) á ensku með nánari upplýsingum um Lumi AGM fundarlausnina.